

Brunamálastofnun	Skjal nr.	VLR 2
VERKLAGSREGLA VLR 2	Útgáfa	03
Skoðun á eigin virkjum rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva,	Dags.	01.01.10
	Bls.	1 af 4

VLR 2. Skoðun á eigin virkjum rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva

1. Tilgangur

Ákvæði verklagsreglunnar eiga við um rafveitur, iðjuver og einkarafstöðvar, verða hér á eftir aðeins nefndar rafveitur. Tilgangur verklagsreglunnar er að tryggja að skoðun eigin virkja rafveitna fullnægi ætíð lágmarks kröfum reglugerðar um raforkuvirki.

2. Ábyrgð

Ábyrgðarmaður rafveitu ber ábyrgð á að ákvæðum verklagsreglunnar sé fylgt.

3. Tilkynningar um framkvæmdir við raforkuvirki rafveitna

Rafveitu ber að senda Brunamálastofnun, í upphafi framkvæmdaárs eða eftir nánara samkomulagi áætlun yfir allar fyrirhugaðar framkvæmdir við háspennt og lágspennt raforkuvirki, nývirki eða meiriháttar breytingar á eldri virkjum. Jafnframt ber rafveitu að gera eftirlitsáætlun um skoðun virkja í rekstri (sbr. VLR 1) þannig að séð verði hvaða virki eru skoðunarskyld á hverjum tíma. Brunamálastofnun varðveitir upplýsingar um viðkomandi raforkuvirki sem fram koma í tilkynningunni.

4. Skoðanir og viðhald

Úttektir nýrra og breyttra virkja, ásamt skoðun virkja í rekstri skal vera í samræmi við verklagsreglur Brunamálastofnunar og viðeigandi skoðunarreglur .

Tíðni skoðana rafveitna vegna eigin virkja í rekstri ákvarðast skv. töflu 2.1.

Auk skoðana samkvæmt töflu 2.1, skal rafveita a.m.k. sinna reglubundnu eftirliti samkvæmt liðum 4.1. - 4.3 hér á eftir.

4.1 Stöðvar og dreifikerfi

Hafa skal reglulegt eftirlit með ástandi virkjana, aðveitustöðva og dreifikerfa á háspennu og lágspennu. Meðal annars skal gæta að eftirfarandi atriðum:

1. Athugun á því hvort um er að ræða galla sem sýnilegir eru utan frá,
2. athugun á snertivörn hluta sem eru spennuhafa í rekstri,
3. skoðun á búnaði til slysa- og brunavarna. Ganga skal úr skugga um að öll tilskilin tæki og búnaður séu fyrir hendi og að þau séu ógölluð,
4. athugun á því hvort tæki og búnaður fullnægi þeim rekstrarskilyrðum sem eru fyrir hendi,
5. athugun á því hvort yfirstraumsvarnarbúnaður í lágspennuvirkjum sé í samræmi við gildleika tauga,
6. ganga úr skugga um að yfirstraumsvarnarbúnaður, sá sem krafist er í reglum, sé á sínum stað og rétt stilltur,
7. ganga úr skugga um hvort hita- og hreyfiáraun af völdum skammhlaupsstrauma hafi aukist vegna breytinga á veitukerfinu eða sjálfu virkinu og hvort virkið stenst hugsanlega aukna áraun,

Brunamálastofnun	Skjal nr.	VLR 2
	Útgáfa	03
VERKLAGSREGLA VLR 2		
Skoðun á eigin virkjum rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva,		
	Dags.	01.01.10
	Bls.	2 af 4

- ganga skal úr skugga um að teikningar af einstökum virkjum og virkjahlutum séu réttar og viðbætur og/eða breytingar hafi verið færðar inn á greinargóðan hátt.

4.2 Loftlínur

Almennt gildir fyrir loftlínur að athuga skal eftirfarandi hluti:

- Að vírar séu ekki í minni hæð en reglur leyfa,
- að ekki hafi skapast ástand sem brýtur í bága við ákvæði um afstöðu línunnar til annarra hluta (svo sem húsa, vega, landslags, gróðurs),
- að einangrar, klemmur, tengingar o.þ.h. séu ekki gallaðar,
- að allir hlutar sem hafa öryggislega þýðingu séu í lagi,
- með úrtaksathugunum hvort átt hafi sér stað kjarna- eða núningsslit í upphengibúnaði.

4.3 Háspennustrengir

Almennt gildir fyrir háspennustrengi að athuga skal eftirfarandi hluti :

- Að strenghælar séu til staðar, sýnilegir, og gerð þeirra í samræmi við reglur,
- að merkingar strengleiða á kort sé fyrir hendi,
- að tengibúnaður o.þ.h. sé ekki gallaður,
- hvort jarðtengimöguleikar séu fyrir hendi og í lagi,
- hvort varnir gegn jarðraski hafi færst úr stað, verið fjarlægðar eða á annan hátt raskað,
- að áverkahlífar séu rétt upp settar og ekki gallaðar.

4.4 Jarðskaut

Reglulegt eftirlit skal haft með ástandi jarðtengikerfa. Meðal annars skal athuga:

- Jarðrask t.d. vegna byggingaframkvæmda,
- breytingu á grunnvatnsstöðu vegna framræslu lands,
- ástand tenginga og jarðskautstauga þar sem hætta er á áverkum og annars staðar þar sem tengingar og taugar eru sýnilegar utan frá,
- hvort breytingar og/eða viðbætur á jarðskautum hafa verið færðar inn á teikningar á greinargóðan hátt.
- hvort breytingar hafa orðið í virkinu sem hækka hönnunarstrauminn verulega, þ.e. nýjar línur eða strengir tengist virkinu, spennar stækkaðir o.þ.h.

Reglulega skal mæla eða endurreikna jarðskautsviðnám ásamt skref- og snertispennum eftirtalinna virkja og endurmeta í samræmi við breyttan hönnunarstraum:

- Jarðskautskerfi háspenntra stöðva (orkuvera, spenn-, rofa- og tengistöðva),
- jarðskautskerfi við möstur í háspennulínum,
- jarðskautskerfi fyrir rekstrarjarðtengingu.

Brunamálastofnun VERKLAGSREGLA VLR 2 Skoðun á eigin virkjum rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva,	Skjal nr.	VLR 2
	Útgáfa	03
	Dags.	01.01.10
	Bls.	3 af 4

4.5 Lagfæringar

Allar nauðsynlegar lagfæringar skal inna af hendi innan þess tíma sem gefinn er upp í verklagsreglum Brunamálastofnunar eða eins fljótt og auðið er til þess að koma í veg fyrir mann- og eignatjón.

Skilgreina skal viðbragðsferlið, þ.e. hvernig ábendingum er fylgt eftir.

Að auki skal skilgreina viðbrögð komi upp hætta fyrir menn eða eignir, til hvaða ráðstafana skuli gripið og að tilkynna skuli ábyrgðarmanni tafarlaust um aðstæður.

4.6 Athugasemdir

Niðurstöður skoðana skal flokka í samræmi við kröfur Brunamálastofnunar um vægi athugasemda, sjá VLR 4 og VLR 14.

Tafla 2.1: Tíðni á skoðunum rafveitu á eigin raforkuvirkjum í rekstri

Virki	Tíðni skoðunar
Virkjanir	5. hvert ár
Vara- og varmaflsstöðvar	5. hvert ár
Aðveitustöðvar og tengivirki (innivirki)	12. hvert ár
Aðveitustöðvar og tengivirki (útvirki)	10. hvert ár
Dreifistöðvar (innivirki)	12. hvert ár
Dreifistöðvar (útvirki)	10. hvert ár
Lágspennudreifikerfi	10. hvert ár
Háspennulínur	10. hvert ár
Háspennustrengir	10. hvert ár
Skoðun jarðskauta, varnarskaut	10. hvert ár
Skoðun jarðskauta, rekstrarskaut	10. hvert ár

Skoðanirnar í töflunni miðast við heildarskoðun viðkomandi virkis.

<p>Brunamálastofnun</p> <p style="text-align: center;">VERKLAGSREGLA VLR 2</p> <p style="text-align: center;">Skoðun á eigin virkjum rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva,</p>	<table> <tr> <td>Skjal nr.</td> <td>VLR 2</td> </tr> <tr> <td>Útgáfa</td> <td>03</td> </tr> <tr> <td>Dags.</td> <td>01.01.10</td> </tr> <tr> <td>Bls.</td> <td>4 af 4</td> </tr> </table>	Skjal nr.	VLR 2	Útgáfa	03	Dags.	01.01.10	Bls.	4 af 4
Skjal nr.	VLR 2								
Útgáfa	03								
Dags.	01.01.10								
Bls.	4 af 4								

5. Tilvísanir

- VLR1, Öryggisstjórnun rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva.
- VLR 4, Vægi athugasemda vegna skoðunar virkja og öryggisstjórnunarkerfis rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva.
- VLR 14, Vægi athugasemda vegna skoðunar neysluveitna og öryggisstjórnunarkerfis rafverktaka.
- Skoðunarreglur Brunamálastofnunar.

6. Breytingasaga

01.02.02 Útgáfa 02, Gr. 4.2 – 3.töluliður. Gr. 4.3, Tafla 2.1

01.01.10 Útgáfa 03.Neytendastofu breytt í Brunamálastofnun.